

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 21. september 2020 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Leifur Einar Arason, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson og Einar Gíslason.

1. Landsþing Landssamband hestamanna 16.-17. október 2020

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um landsþingsfulltrúa fyrir Landsþing LH í Reykjavík dagana 16.-17. október næstkomandi.

2. Formaður útgáfunefndar

Stjórn samþykkir Helgu B. Helgadóttur sem formann nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn eru óbreyttir.

3. Almennadalur – Verkefnalisti 2020

Verkefnalisti hefur verið sendur á borgina og er í vinnslu.

4. Almennadalur – Lóðamál

Verið er að vinna í gögnum tengdum úthlutunum í Almennadal og Vegbrekku með það að markmiði að koma uppbyggingu svæðisins af stað. Hafa þarf samband við kaupendur óbyggðra lóða og kanna hvort viðkomandi hefur í hyggju að nýta sér byggingarrétt.

5. Almennadalur – Deiliskipulagsbreytingar

Skoðað verður að fara aftur af stað með deiliskipulagsbreytinguna sem gerð var fyrir Fák af Landslagi.

6. Öryggismál á svæðinu

Þörf er á að taka út svæðið með tilliti til öryggis. Til dæmis vantar betri merkingar þar sem göngu- og reiðstígar mætast. Búið er að hafa samband við Samgöngustofu um gerð kynningarefnis og haft verður samband við borgina varðandi betri merkingar og öryggi.

7. Lög félagsins

Þörf er á að endurskoða lög félagsins. Gerð er tillaga um að Sigurbjörn Magnússon muni gera tillögu að breytingu á lögum félagsins í samráði við formann félagsins.

8. Aðalfundur félagsins

Stefnt er að halda aðalfund félagsins þriðjudaginn 20. október næstkomandi. Tilkynning verður sett á heimasíðu félagsins fljótlega.

9. Ársreikningur

Gjaldkeri kynnir ársreikning 2019. Ársreikningur er samþykktur samhljóða.

Fundi slitið 18:40

Fundargerð ritaði Einar Gíslason